




ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR



Ársskýrsla 2012

Efnisyfirlit ársskýrslu

Starfsemi Orkuveitu Húsavíkur á árinu 2012 4

Innleiðing stefnu.....4

Samtök og hlutdeildarfélög.....6

Styrkveitingar og samstarf.....7

Ýmsir þættir úr starfsemi ársins.....7

Hitaveita.....9

Vatnsveita..... 10

Fráveita 11

Ávarp stjórnarformanns..... 11

Orkuveita Húsavíkur ohf.

Vallholtsvegur 3

640 Húsavík

www.oh.is


Starfsemi Orkuveitu Húsavíkur á árinu 2012

Innleiðing stefnu

Á árinu 2011 var unnið að stefnumótun fyrir Orkuveitu Húsavíkur (OH). **Tilgangur** starfsemi OH var skilgreindur þannig að hann væri sá að auka búsetugæði á svæðinu. Stefna fyrir OH var samþykkt á aðalfundi í apríl sama ár.

Í upphafi ársins 2012 hófst innleiðing stefnunnar. Haldinn var hluthafafundur hinn 2. janúar þar sem nýtt rekstrarform félagsins var samþykkt. Varð OH þá opinbert hlutafélag í stað einkahlutafélags sem félagið hafði verið frá árinu 2005. Með því var lögð áhersla á að OH væri félag í eigu sveitafélagsins Norðurþings.

Á sama tíma skrifuðu Orkuveitan og Norðurþing undir kaupsamning þeirrar fyrrnefndu á vatnsveitum og fráveitum í Norðurþingi. **Kjarnastarfsemi** OH varð þannig, frá og með árinu 2012 að telja, vinnsla og dreifing heits og kalts vatns auk fráveitu.




Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf.

Á hluthafafundi var kjörin ný stjórn. Gunnlaugur Stefánsson var kjörinn formaður stjórnar og meðstjórnendur þeir Sigurgeir Höskuldsson og Soffía

Helgadóttir. Varamenn voru kjörnir þeir Bergur Elías Ágústsson, Áki Hauksson og Þráinn Gunnarsson. Nýjar samþykktir félagsins voru staðfestar fyrir hið opinbera hlutafélag á sama fundi auk starfsreglna stjórnar. Hlutafé félagsins var hækkað á árinu þegar helmingi kaupverðs vatns- og fráveitu var breytt í nýtt hlutafé. Hlutafé félagsins er eftir hækkunina kr. 604.247.000 –




Starfsemi og starfssvæði Orkuveitu Húsavíkur frá og með árinu 2012



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið samþykkti í desember 2012 nýja reglugerð fyrir Orkuveitu Húsavíkur ohf. nr.1227/2012. Reglugerðin var aðlöguð að breyttum rekstri OH og tekur þannig tillit til kjarnastarfsemi veitunnar.

Nýtt skipurit fyrir Orkuveitu Húsavíkur leit dagsins ljós á árinu sem tekur mið af stefnu félagsins.

Hið nýja skipurit var samþykkt af stjórn og birt á heimasíðu félagsins.



Skipurit Orkuveitu Húsavíkur ohf.

Aðalfundur er æðsta ákvörðunarvald Orkuveitunnar. Þar er stjórn félagsins kjörin og þar eru breytingar á stefnu samþykktar, ef verða.

Stjórn ber ábyrgð á stefnumótun fyrirtækisins. Stjórn félagsins ber jafnframt ábyrgð á að mótaðri stefnu sé framfylgt, Stjórn samþykkir rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og ber ábyrgð á eftirfylgni þeirra.

Framkvæmdastjóri ber að framfylgja stefnu stjórnar hvað varðar skipulag, starfsmannahald, rekstur, áætlanagerð og fjárfestingar félagsins.

Sviðin þrjú – **þjónusta, veitur og þróun** – taka á þeim þáttum sem Orkuveitan þarf að leggja áherslu á til að sinna kjarnastarfsemi sinni og fylgja samþykktri stefnu. Þá ganga þvert á þessi þrjú svið **gæðamálin** sem eru mikilvæg á öllum sviðum, svo og **áhættustjórnun og almannatengsl**.

Samtök og hlutdeildarfélög

Orkuveita Húsavíkur er aðili að Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja. Tilgangur sambandsins er margþættur og má þar nefna að stuðla að rannsóknum og miðla upplýsingum og fræðslu til félaga sinna og stjórnvalda. Framkvæmdastjóri OH var kosinn í stjórn samtakanna til tveggja ára á aðalfundi í febrúar 2012.

Breytingar urðu á eignarhlut Orkuveita Húsavíkur í nokkrum félögum. Fyrir það fyrsta seldi félagið allt hlutfé sitt í Þeistareykjum ehf. (3,2% hlut) til Landsvirkjunar. Á sama tíma keypti Landsvirkjun 0,087% hlut Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar og fer Landsvirkjun eftir kaupin með allt hlutafé í Þeistareykjum ehf. Þeistareykir ehf. hafa frá stofnun félagsins árið 1999 staðið fyrir borunum og rannsóknum á hugsanlegri hagnýtingu jarðvarmaorku á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit. Rannsóknum og undirbúningi á

jarðhitavirkjun hefur miðað vel á síðustu árum.

Norðurþing seldi 50,77% hlut sinn í Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf. yfir til Orkuveitu Húsavíkur á árinu. Hitaveitan var stofnuð árið 1994 og þjónar Kópaskeri og bæjum í Öxarfjarðarhreppi frá Núpi allt norður á Kópasker.

Orkuveitan á einnig í félögunum Hrafnabjargavirkjun hf. og Íslenskri Orku ehf. sem hafa það verkefni að rannsaka og meta framtíðar virkjanakosti. OH á einnig í Sjóböðum ehf. Tilgangur félagsins er bygging og rekstur heilsuþaða á Húsavíkurhöfða. Þá samþykkti stjórn OH að taka þátt í nýsköpunarverkefninu Mýsköpun með hlutafjárframlagi. Verkefnið felst m.a. í því að rannsaka þörungum í Mývatni og leita leiða til að nýta þá í margvíslegum tilgangi. Eignarhlutur í fyrrgreindum félögum í árslok 2012 er sem hér segir:

- Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf. 50,77%
- Íslensk Orka ehf. 25,51%
- Hrafnabjargavirkjun hf. 18,75%
- Sjóböð ehf. 13,78%
- Mýsköpun ehf. 5%

Styrkveitingar og samstarf

Orkuveita Húsavíkur hélt áfram samstarfi sínu við meistaraflokk Völsungskvenna í knattspyrnu, en árið 2011 var skrifað undir þriggja ára styrktarsamning. Orkuveitan styrkti Björgunarsveitina Garðar svo hægt væri að ljúka fjármögnun á björgunarbát sem sveitin festi kaup á á árinu 2012. Orkuveitan notaði tækifærið til að þakka sveitinni fyrir gott samstarf á síðastliðnum árum en hún hefur oft lagt veitunni lið sínum verkefnum.



Frá styrkveitingu

Ýmsir þættir úr starfsemi ársins

Starfsemin á árinu var með nokkuð breyttu sniði þar sem Orkuveitan yfirtók allar vatns- og fráveitur Norðurþings í upphafi ársins. OH kaupir mest alla þjónustu vegna fráveitu í verktöku og að nokkru leyti þjónustu vegna vatnsveitu á Kópaskeri og Raufarhöfn. Þessa þjónustu kaupir OH m.a. af áhaldahúsum sveitarfélagsins á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

Jarðskjálftavirkni hafði áhrif á rekstur og starfsemi Orkuveitunnar á árinu. Í október lýstu Almannavarnir ríkisins yfir óvissustigi vegna jarðskjálfta úti fyrir Norðurlandi. OH undirbjó viðbragðs- og neyðaráætlun fyrir öll veitukerfi sín. Starfsmenn OH, áhaldahúss Norðurþings á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn lögðu allir sitt af mörkum til áætlunarinnar og hafa afrit af henni. Þá liggur inni afrit af áætlun og kort af lögnum/lagnaleiðum hjá fulltrúa Almannavarna/Sýslumanni á Húsavík.

Á árinu lét **Björn Hólmgeirsson** af störfum hjá Orkuveitunni. Björn starfaði undanfarin tólf ár á skrifstofu veitunnar. Á þessum tímamótum kom starfsfólk og stjórn OH saman til að heiðra Björn og þakka honum farsælt

samstarf og vel unnin störf í þágu fyrirtækisins. Við keflinu tók **Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir** sem starfaði áður við Háskólann á Bifröst.

Orkuveita Húsavíkur og sveitarfélagið Norðurþing komust á árinu að samkomulagi um aðkomu OH að **uppbyggingu gervigrasvallar** á Húsavík. Í bókun stjórnar kom fram að tilgangur OH væri sá að auka búsetugæði á svæðinu með starfsemi sinni. Í ljósi þess samþykkti stjórnin að félagið myndi taka að sér verkþætti við uppbyggingu gervigrasvallar á Húsavík sem falla að starfsemi félagsins, þ.e. lagna-, dælu-, snjóbræðslu- og rafkerfi og rekstur þeirra. Framkvæmdin var í samræmi við samþykktu fjárfestingastefnu félagsins og þá ávöxtunarkröfu sem þar er um getið. Þá hlaut verkefnið umfjöllun tveggja stjórnarfunda og álit óháðs þriðja aðila. Framkvæmdir við gervigrasvöll veittu mörgum íbúum svæðisins atvinnu þetta árið.



Orkuveita Húsavíkur sinnti **eftirliti með götulýsingu** í Norðurþingi eins og fyrri ár. Veður hafði mikil áhrif á viðhald en óvenju mikið var um skemmd ljós og þerur vegna þeirra veðra sem geysuðu á svæðinu.

Orkuveita Húsavíkur og Global Geothermal (GGL) framlengdu samning sinn varðandi endurbætur og viðgerð á

Orkustöð í Hrísmóum. Töf varð á verkefninu og má þar helst nefna langan biðtíma eftir viðgerð á gír auk þess sem GGL hefur verið að auka umsvif sín á alþjóðamarkaði sem hefur orðið til þess að tefja áætlanir fyrirtækisins um viðgerð á stöðinni á Húsavík. GGL stofnaði íslenskt hlutfélag til að halda utan um starfsemi félagsins á Húsavík. Áætlað er að hefja rekstur stöðvarinnar á þriðja ársfjórðungi ársins 2013.

Hitaveita

Skípt var um varmaskipti í Orkustöðinni í Hrísmóum. Varmaskiptirinn er forsenda þess að hægt sé að kæla rúmlega 120°C heitt vatn sem kemur frá Hveravöllum niður undir 80°C áður en það fer upp í miðlunartank og inn á dreifikerfi bæjarins. Þegar skípt var um varmaskiptinn þurfti að loka fyrir heitavatnsrennsli í bæinn. Rekstrartruflanir urðu sáralitlar ef frá er talið hjá stórnotendum, s.s. sundlauginni, þar sem loka þurfti fyrir heitt vatn. Íbúar bæjarins urðu lítið varir við þessa framkvæmd, sem gekk vonum framár, enda vel skipulögð og ötullega unnin af starfsfólki Orkuveitunnar og verkföllum.



Unnið við varmaskipti

Dæluprófanir voru gerðar á borholu í Auðbrekku, milli sjúkrahúss og fótoltavallar. Tilgangurinn var að meta afköst holunnar, hitastig ofl. Dæluprófanir gáfu tilefni til að tengja hana við snjóbræðslukerfi gervigrasvallarins, í stað þess að taka vatn beint af dreifikerfi bæjarins. Vonir standa til að uppbygging á iðnaðarsvæðinu á Bakka hefjist áður en langt um líður og verður þá þörf fyrir

vatn úr bæjarkerfinu í uppbyggingu þéttbýlisins á Húsavík.

Heitavatnsdæla við Lindahlíð í Aðaldal var á mörkum þess að anna vatnsnotkun í Skriðuhverfi og Kinn á mestu álagstímum yfir veturinn. Einnig var vatnsþrýstingur lágur á nokkrum bæjum í Aðaldal.




Endurnýjun lagnar í Aðaldal

Ráðist var í **endurbætur** og breytingu á lögn sem þverar Aðaldal svo hægt væri að hækka þrýsting að dælu í Lindahlíð. Endurnýjuð var 90mm plastlögn fyrir 100mm stállögn frá Heiðargarði að Ytra-Fjalli. Verkið gekk vel og lokið var við frágang og tengingu lagnarinnar í október 2012.

Heitavatnssala árið 2012 var 155,1 m.kr. en 148,4 m.kr. árið 2011. Þá voru tekjur af föstum gjöldum hitaveitu 15,4 m.kr. samanborið við 15,1 m.kr. árið áður. Seldir m³ voru 2.033.932 samanborið við 2.049.348 árið á undan. Tekjuaukningin er því tilkomin vegna verðlagshækkana þar eð seldir m³ voru örlítið færri en árið á undan. Meðalhitastig árána 2012 og 2011 var 3,9°C.

Heitavatnssala OH árin 2002 - 2012



Vatnsveita


Á árinu var lögð **ný vatnsveita** út fyrir þéttbýli Húsavíkur að Fákatröð við Saltvík. Stofnlögnin, 75mm plastlögn, er um 1700m. löng. Veitunni er ætlað að sjá nýju hesthúshverfi fyrir ferksvatni en hitaveita er tekin úr eldri aðveituað til Húsavíkur.

Starfsmenn á vegum Orkuveitu Húsavíkur sóttu námskeið um **innra eftirlit** vatnsveitna á árinu sem Samorka stóð fyrir. Dr. María Jóna Gunnarsdóttir var leiðbeinandi á námskeiðinu, en hún er sérfræðingur í málefnum vatnsveitna og hreinleika neysluvatns.

Heilbrigðisteftirlit Norðurlands hefur eftirlit með starfsemi vatnsveitna OH og gefur út starfsleyfi. Markmið starfsleyfis er að koma í veg fyrir mengun og stuðla

að hollustu og hreinu umhverfi, öruggu og góðu neysluvatni jafnframt því að tryggja hámarks hollustu neysluvatns til framtíðar, með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á verndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu.

Tekjur vatnsveitu vegna heimila og fyrirtækja eru almennt innheimtar með fasteignagjöldum sveitarfélagsins. Kaldavatnsnotkun er almennt ekki mæld. Stórnotendur kaupa hinsvegar vatn eftir rúmmetramæli. Sala á fersku vatni um mæli hefur lítið eitt vaxið frá því hún dróst verulega saman á árunum 2005 til 2008. Árið 2012 voru seldir m³ 726.991 samanborið við 638.699 m³ árið árið á undan. **Heildartekjur vatnsveitu** (vatnssala, tengigjöld og föst gjöld) voru kr. 63,2 m.kr. árið 2012 að meðtöldum tekjum vegna þeirra vatnsveitna sem OH keypti á árinu.



Fráveita

Orkuveita Húsavíkur tók við rekstri allra fráveitna í sveitarfélaginu Norðurþingi í upphafi ársins 2012. Samningur var gerður við Hreinsitækni ehf. um holræsahreinsun. Orkuveitan kaupir ýmsa aðra þjónustu af verktökum og áhaldahúsum Norðurþings á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn. Þá eru í vinnslu verklagsreglur OH og Norðurþings vegna reksturs þeirrar fyrrnefndu á fráveitum og samstarfi við sveitarfélagið.

Heildartekjur fráveitu voru 41,9 m.kr. árið 2012.


Ávarp stjórnarformanns

Rekstur Orkuveitunnar á árinu gekk vel. Starfsemin breyttist með kaupum á vatns- og fráveitum í Norðurþingi. Rekstrartekjur félagsins hækkuðu þannig milli ára um 26,5% en rekstrargjöld stóðu nánast í stað. Munar

þar mest um að farið var í nýfjárfestingar og endurbætur á árinu sem voru eignfærðar. Á meðan var almennt viðhaldi og rekstri haldið í lágmarki.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum félagsins voru um 743 m.kr. á árinu. Þar af voru kaup á vatns- og fráveitum Norðurþings að fjárhæð 594 m.kr. Fjárfestingar voru skv. fjárfestingastefnu félagsins og höfðu það að markmiði annars vegar að bæta afhendingaröryggi og -gæði og hins vegar að bæta búsetuskilyrði á svæðinu. Má þar t.a.m. nefna fjármögnun á uppbyggingu gervigrasvallar á Húsavík. Með þeirri framkvæmd lagði félagið sitt af mörkum til að örva hagkerfi innan félagssvæðis síns. Umsvif verktaka á svæðinu jukust samhliða verkefnum OH.

Fjárhagslegur styrkur OH hefur vaxið jafnt og þétt síðan eftir hrun, þegar eiginfjárlutfallið varð neikvætt. Eiginfjárlutfall félagsins er nú orðið 65,98% og hefur ekki verið hærra.



Fimm ára yfirlit, nokkrar lykilfjárhæðir og kennitölur

Allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í þús. króna:

	2012	2011	2010	2009	2008
Hreint veltufé frá rekstri	188.332	160.413	104.349	79.355	9.457
Rekstrarhagnaður (tap)	87.708	57.263	(60.756)	11.831	17.657
Rekstrarhagnaður án söluhagnaðar (taps) fyrir afskriftir í % af tekjum (EBITDA)	55,86%	44,41%	51,14%	42,50%	30,04%
Veltufjárlutfall	16,62	12,58	3,89	0,63	0,15
Eiginfjárlutfall	65,98%	62,18%	40,38%	-12,98%	-9,62%

Orkuveita Húsavíkur gegnir lykilhlutverki á starfssvæði sínu. Með starfsemi sinni sinnir hún grunnstoðum samfélagsins og er þar með lykillinn að bættum lífsgæðum.

Spennandi verkefni eru framundan hjá Orkuveitunni, ekki síst vegna fyrirhugaðrar iðnaðaruppbyggingar á

Bakka, en þar munu sveitarfélagið Norðurþing og Orkuveitan gegna lykilhlutverki í uppbyggingu innviða. Kostnaðargreining og frumhönnun veitna fyrir Bakkasvæðið er hafin. Ráðist verður í ákvarðanatöku og lokahönnun fyrir iðnaðarsvæðið á Bakka þegar ákvörðun fyrsta iðnaðarfyrirtæksins um uppbyggingu á svæðinu liggur fyrir.

Kjarnastarfsemi Orkuveitunnar er sérleyfisskyld starfsemi og fer Orkuveitan með lögbundið hlutverk. Það leggur því ríka skyldu á fyrirtækið, stjórn þess, stjórnendur og starfsmenn að þjóna heimilum, stofnunum og

fyrirtækjum á veitusvæðinu í samræmi við lögbundnar skyldur og að tryggja umsamin gæði og afhendingaröryggi. Starfsmönnum Orkuveitunnar og framkvæmdastjóra eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu fyrirtækisins.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.